



ÚTIVIST

Laugavegi 178. Sími 562 1000. www.utivist.is

Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um Ferðamálastofu, þingskjal 695 — 485. mál.

Um Útivist.

Ferðafélagið Útivist er áhugamannafélag sem hefur það að markmiði að stuðla að Útivist félagsmanna sinna í hollu og óspilltu umhverfi og opna möguleika þeirra á ferðalögum um strórbrotna náttúru Íslands. Félagið er stofnað um þau grunngildi að skapa áhugafólki um Útivist vettvang til að rækta áhugamál sitt í góðum og heilbrigðum félagsskap. Ferðir félagsins eru eingöngu opnar félagsmönnum, en aðild að félaginu er öllum opin. Ferðum félagsins er stýrt af félagsmönnum sem hafa mikla og góða ferðareynslu sem taka að sér að leiða ferðirnar í sjálfböðavinnu. Þeir sem taka að sér fararstjórn sækja námskeið á vegum félagsins, s.s. námskeið í rötun, námskeið í fyrstu hjálp sem sérstaklega er sniðið að okkar þörfum, auk ýmiskonar fræðslu um náttúruna og ferðamennsku. Síðast en ekki síst byggir undirbúningur þeirra á mikilli ferðareynslu sem þeir hafa aflað sér í starfsemi félagsins. Félagið rekur skrifstofu í Reykjavík þar sem tveir starfsmenn starfa. Skrifstofa félagsins er einnig félagsmiðstöð félaganna. Þá starfrækir félagið fjallaskála og hefur þar skálavörslu að sumarlagi. Að öðru leyti byggist starf félagsins á sjálfböðaliðastarfi félagsmanna.

Áhrif frumvarpsins á starfsemi Útivistar.

Ofangreint frumvarp um Ferðamálastofu gerir ráð fyrir verulegum breytingum á stöðu áhugafélaga sem skipuleggja og bjóða ferðir innanlands. Í eldri lögum um skipan ferðamála var sérstaklega gert ráð fyrir slíkri starfsemi með þeim hætti að áhugafélög voru undanþegin þeim kröfum sem gerðar eru til atvinnustarfsemi á þessum vettvangi. Í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að þessi undanþága verði afnumin. Þannig er í raun ekki gert ráð fyrir að áhugamannafélög skipuleggi ferðir fyrir sína félagsmenn, nema félögin lagi sig að þeim kröfum sem gerðar eru til atvinnustarfsemi.

Ljóst er að starfsemi sem byggir á sjálfböðavinnu áhugafólks getur ekki uppfyllt sömu skilyrði og fyrirtæki sem byggir starfsemi sína á launuðum starfsmönnum eða rekið starfsemi sína á sama grunni og atvinnustarfsemi. Í því sambandi má benda á að ekki er hægt að gera sömu menntunarkröfur til félagsmanna í Útivist sem leiða ferðir félagsins í áhugamennsku eins og gert er gagnvart atvinnuleiðsögumönnum. Eins og fram kemur hér að ofan undirbýr Útivist fararstjóra sína með námskeiðum og fræðslu sem félagið stendur sjálft fyrir og er sú fræðsla löguð sérstaklega að okkar þörfum. Þannig teljum við okkur tryggja að fararstjórar okkar hafi þá þekkingu sem nauðsynleg er miðað við verkefnin sem þeir taka að sér. Þær

kröfur sem ætla má að gerðar verði til menntunar þeirra sem hafa leiðsögn að atvinnu eru af allt öðrum toga og mun strangari en þörf krefur í áhugamannafélagi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að krafa verði um að gerð sé öryggisáætlun fyrir hverja þá ferð sem boðin er gegn gjaldi. Þessi krafa er eðlileg fyrir staðlaðar ferðir sem boðið er upp á að staðaldri í atvinnuskyni fyrir erlenda ferðamenn. Stór hluti þeirra ferða sem Útivist hefur í ferðaáætlun sinni eru aðeins settar upp einu sinni. Gerð einstakra áætlana fyrir hverja ferð væri gríðarlega umfangsmikið verkefni ár hvert. Hér sem víðar spenglast að frumvarpið er alfarið sniðið að atvinnustarfsemi en ekki gert ráð fyrir starfsemi áhugamannafélaga.

Í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að undanþáguheimild sem íslensk ferðafélög hafa notið sé afnumin. Er það rökstutt með því að “talið er að ekki séu lengur til staðar röksemdir fyrir því að undanþiggja starfsemi ferðafélaga löggjöf þessari”. Í þessu samhengi teljum við rétt að benda á að frá því fyrri löggjöf var sett hefur ekkert breyst í starfsemi Ferðafélagsins Útivistar sem gefur tilefni til að ætla að forsendur fyrir undanþágunni hafi breyst. Þvert á móti höfum við aðgreint okkur enn frekar frá atvinnustarfsemi með því að gera það að reglu að ferðir félagsins séu eingöngu opnar félagsmönnum þess. Því má segja að þvert á móti séu enn frekari rök fyrir undanþágunni.

Lokaorð

Ferðafélagið Útivist er vel í stakk búið til að uppfylla auknar kröfur um öryggismál og neytendavernd. Slíkar kröfur þurfa hins vegar að taka mið af þeim veruleika að Útivist er áhugamannafélag og miðar starf sitt að því að vera vettvangur fólks til að rækta sameiginlegt áhugamál. Vel má hugsa sér að mótaður sé ákveðinn rammi fyrir slíka starfsemi. Það er hins vegar ófært að sá rammi sem mótaður er fyrir atvinnustarfsemi á þessu sviði sé heimfærður á áhugamannafélög. Slíkt myndi leiða til þess að starfsemi félagsins í núverandi mynd væri sjálfhætt. Ef vilji er til að móta ramma fyrir ferðastarfsemi áhugamannafélaga og/eða fella slíkan ramma inn í frumvarpið erum við tilbúin til að koma að þeirri vinnu.

Í þessu ljósi leggjum við til að bætt verði við frumvarpið ákvæði sem fjalli um ferðafélög og starfsemi þeirra. Slíkt ákvæði gæti verið á þessa leið:

Íslensk ferðafélög geta óskað eftir undanþágu til Ferðamálastofu frá ákvæðum þessara laga að því er lýtur að ferðum innan lands, enda byggi þau starfsemi sína á sjálfboðavinnu félagsmanna. Í því felst að fararstjórn byggi á sjálfboðaliðastarfi og ferðastarfsemin sé einkum miðuð við þarfir félagsmanna. Félag sem óska eftir undanþágu skulu gera grein fyrir því með hvaða hætti tryggt er að öryggi þátttakenda sé fullnægt og þekking fararstjóra sé í samræmi við eðli starfseminnar.

Virðingarfyllst,



Skúli H. Skúlason

Framkvæmdastjóri Útivistar